

FYLGISKJAL NR. 1064

DAGS 21.09.1990

SAMANTEKT:

Hér er um að ræða yfirlýsingu sem tengist lóðaleigusamningi sem gerður var við Steinunni Marteinsdóttur (sjá fylgiskj. nr. 1003).

Hér fær Steinnunn í endurgjald og „tjónabætur“ fyrir að tekið sér land í eigu Mosfellsbæjar úr leigu en um hafði verið að ræða áður erfðafestu/leigulóð ásamt búseturétti.

Það sem Steinnunn fær er:

1. 2 leigulóðir að eigin vali í Mosfellsbæ til byggingar einbýlishúa á skipulögðu landi bæjarins án greiðslu gatnagerðar-, byggingar- og tengigjalda.
2. Heimild til byggingar eins einbýlishúss á leigulóð sinni (nú í eigu Mosfellsbæjar við Skálahlíð – í dag 19.05.2014) Hulduhólum.

Meðfylgjandi eru gögn um þær lóðir sem Steinnun fékk.

YFIRLÝSING

- A. Bæjarstjórn Mosfellsbæjar, kt. 470269-5969, staðfestir hér með að Steinunn Marteinsdóttir, kt. 180236-2609, Hulduhólum, Mosfellsbæ eða sá sem hún tiltekur, skal hafa heimild til byggingar eins einbýlishúss á lóð sinni Hulduhólum, Mosfellsbæ án greiðslu gatnagerðar-, byggingar- og tengigjalda. Jafnframt fylgir núverandi íbúðarhúsum heimild til endurbyggingar þeirra eða byggingar annarra jafn stórra húsa í þeirra stað, án greiðslu sömu gjalda.

Byggingar þessar gerð stærð og staðsetning þeirra á lóðinni, eru að óðru leyti háðar samþykki byggingaryfirvalda.

Heimild þessi skal nýtt innan 20 ára en að þeim tíma liðnum fellur hún niður án bóta.

Komi til sölu á Hulduhólum áður en réttur Steinunnar skv. grein A. hefir verið nýttur er hann aðeins framseljanlegur til hins nýja eiganda þeirrar eignar.

- B. Ennfremur staðfestir bæjarstjórnin að hún muni úthluta Steinunni, eða þeim sem hún tiltekur, tvær leigulóðir til byggingar einbýlishúsa á skipulögðu svæði í landi bæjarins án greiðslu gatnagerðar-, byggingar- og tengigjalda. Skulu þær vera sambærilegar að gæðum og almennt gerist í sama hverfi.

Umsóknir um lóðir þessar skulu hafa borist innan 5 ára frá dagsetningu yfirlýsingar þessarar en undanþága frá gjaldskyldu fellur niður að þeim tíma liðnum.

Að öðru leyti fer um lóðir þessar og byggingar á þeim skv. ákvæðum um leigulóðir og byggingar á þeim.

Til staðfestu undirrita aðilar nöfn sín í votta viðurvist.

Mosfellsbæ, 21. september 1990

F.h. Mosfellsbæjar

Haukur Þorsteinsson

Steinunn Marteinsdóttir
Steinunn Marteinsdóttir

Vottar að dagsetningu
og fjárræði:

Jónatán Þorsteinsson 141261-7119
250534.1238

Y F I R L Ý S I N G

UM

LÓÐARÚTHLUTUN Í MOSFELLSBÆ

Í framhaldi af samkomulagi dags. 21. september 1990 milli Mosfellsbæjar annars vegar og Steinunnar Marteinsdóttur, Hulduhólum, Mosfellsbæ hins vegar, staðfestist hér með að Steinunni Marteinsdóttur hefur verið úthlutað byggingarlóð til byggingar einbýlishúss í Mosfellsbæ í samræmi við þá skipulags- og byggingarskilmála er um lóðina gilda.

14/5/90

Lóðin er nr. 16 við Bröttuhlið.

Mosfellsbær mun ekki innheimta gatnagerðar-, byggingar- né tengigjöld af lóðinni.

Steinunni Marteinsdóttur er heimilt að framselja ofangreinda úthlutun til þess aðila er hún tilgreinir, enda viðurkennir sá aðili í einu og öllu gildandi skipulags- og byggingarskilmála fyrir lóðina.

Mosfellsbæ 17.04. 1991.



Y F I R L Ý S I N G

UM

LÓÐARÚTHLUTUN Í MOSFELLSBÆ

Í framhaldi af samkomulagi dags. 21. september 1990 milli Mosfellsbæjar annars vegar og Steinunnar Marteinsdóttur, Hulduhólum, Mosfellsbæ hins vegar, staðfestist hér með að Steinunni Marteinsdóttur hefur verið úthlutað byggingarlóð til byggingar einbýlishúss í Mosfellsbæ í samræmi við þá skipulags- og byggingarskilmála er um lóðina gilda.

12 Jún.

Lóðin er nr. 14 við Bröttuhlíð.

Mosfellsbær mun ekki innheimta gatnagerðar-, byggingar- né tengigjöld af lóðinni.

Steinunni Marteinsdóttur er heimilt að framselja ofangreinda úthlutun til þess aðila er hún tilgreinir, enda viðurkennir sá aðili í einu og öllu gildandi skipulags- og byggingarskilmála fyrir lóðina.

Mosfellsbæ 17.04. 1991.

